

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 9. nóvember 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Þórarins Inga Péturssonar, formanns

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 7. mál á 154. löggjafarþingi.

Eins og áður styðja Bændasamtök Íslands tillögu þessa og vísast þar til fyrri umsagna samtakanna um sama mál.

Vísast einnig til umsagnar Bændasamtaka Íslands um frumvarp til fjárlaga 2024 þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir til eflingar landbúnaðar m.a. með það að markmiði að tryggja fæðuöryggi og sjálfbærni.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

Atvinnuveganefnd alþingis
nefndasvid@althingi.is

Akureyri 07.11.2023

Efni: umsögn Dýralæknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu...

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) styður markmið tillögunnar, það er að efla innlenda matvælaframleiðslu og tryggja betra rekstrarumhverfi greinarinnar. Þrátt fyrir að félagið styðji markmið tillögunnar þá eru punktar innan aðgerðaráætlunarinnar (í 24 liðum) sem DÍ getur ekki stutt nema að fá betri útlitun á mögulegri framkvæmd. Þetta á til dæmis við lið 19 „Framtíð loðdýraræktar verði tryggð,....“ og lið 9 „eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni“. DÍ leggur áherslu á að nánari greinargerðar sé þörf til að hægt sé að færa rök fyrir mögulegum aðgerðum í lið 19 og 9 svo DÍ geti lagt mat á og skilað umsögn þar að lútandi.

Að auki vill DÍ koma eftirfarandi á framfæri varðandi tillöguna:

Mikilvægur liður í því að efla innlenda matvælaframleiðslu er að tryggja dýralæknaþjónustu um land allt. Síðustu ár hefur þróunin verið sú að sífellt erfiðara er að fá dýralækna til starfa í dreifðari byggðum. Margir þættir spila þar inn í, svo sem breytt starfsumhverfi dýralækna á þessum svæðum þar sem þróun síðustu ára hefur verið sú að fækka dýralæknum/þjónustusamningum samfara stækkun umdæma og vaktsvæða. Þetta gerir það að verkum að starfsumhverfi dýralækna er ekki aðlaðandi og ekki fást dýralækna til starfa. Dýralækna gegna lykilhlutverki þegar kemur að vöktun dýrasjúkdóma, þjónustu við veik- og slösuð dýr, dýravelferð og síðast en ekki síst ábyrgri notkun dýralýfja nú þegar sýklalyfjaónæmi er orðin sú mikla vátta sem raun ber vitni. DÍ bendir einnig á mikilvægi aðkomu dýralækna þegar kemur að samspili á milli heilbrigðis manna og dýra, umhverfis og fæðu undir formerkjum „one health“. Dýralæknafélag Íslands vill ítreka mikilvægi þess að þjónusta dýralækna er órjúfanlegur hluti af innlendri matvælaframleiðslu og ætti að vera mikilvægur punktur í aðgerðaráætlun sem þessari.

Virðingafyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2023.

Efni: Umsögn um þingskjal 7 - 7. mál; tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, á 154. löggjafarþingi

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir „SAM“) vísa til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis sem send var frá nefndasviði Alþingis þann 26. október sl. um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Eins og fram kemur í greinargerð er þingsályktunartillagan er nú lögð fram í fjórða sinn en var síðast lögð fram á 153. löggjafarþingi (7. mál) og er nú endurflutt óbreytt.

SAM mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar. SAM skiluðu síðast umsögn um tillöguna á 152. löggjafarþingi og ítreka þau sjónarmið sem þar komu fram og eiga að stórum hluta enn við. Einnig taka SAM undir umsögn SAFL sem skilað var 12.10 2022 þegar sama þingsályktunartillaga lá fyrir á 153. löggjafarþingi.

Rekstrarörðugleikar steðja að íslenskum landbúnaði um þessar mundir og er mikilvægt að sem fyrst verði ráðist í aðgerðir sem tryggja afkomu bænda til framtíðar.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Sigurjón R. Rafnsson
Stjórnarformaður SAM



Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 31. október 2023.


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 7. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 26. október sl., en þar var óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“) um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar. Umsagnarfrestur rennur út 9. nóvember nk.

Líkt og áður fagnar SAFL tillögunni og þeim aðgerðum sem þar er lagt til að hrint verði í framkvæmd í samstarfi við bændur. Vísast til umsagnar SAFL við málið sem sent var til atvinnuveganefndar 12. október 2022¹.

Að því sögðu styður SAFL að tillagan verði samþykkt og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta sé þess óskað.

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í landbúnaði,


Margrét Gísladóttir,
framkvæmdastjóri SAFL

¹ Sjá fyrri umsögn SAFL um málið hér: <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-101.pdf>